

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Fáskrúðsfirði



Dags eftirlits	6.9.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	736509,507 500987,545

Niðurstaða eftirlits

Ekki var gerð athugasemd við aðgerðir Olíudreifingar ehf. við niðurrif olíubirgðastöðvarinnar á Fáskrúðsfirði. Ein ábending var gerð.

Umfang eftirlits

Olíubirgðastöðin á Fáskrúðsfirði var tæmd og tekin úr notkun í janúar 2017. Þrjú geymar voru í stöðinni og voru þeir fjarlægðir ásamt steinsteyptri mengunarvarnarþró og lögnum að og frá geymunum. Í skýrslu stöðvarstjóra frá janúar 2017 kemur fram að lagnir voru tæmdar og hreinsaðar, geymar T0048, T0049 og T0148 tæmdir og hreinsaði. Eins var olíuskilja tæmd.

Steinsteypt þró var brotin niður og engin sjáanleg mengun var í jarðvegi undir steinsteypunni.

Sameiginleg aðstaða stöðvarinnar með N1 fyrir dælur o.þ.h. er enn til staðar og nýtist áfram sem lager- og skrifstofuhúsnæði N1 á staðnum.

Tveimur frávikum frá síðasta eftirliti (2015) hefur verið lokað.

Engar skráningar í rekstrarhandbók lágu fyrir enda stöðin brotin niður og fjarlægð í janúar á síðasta ári.

Skoðun fólst í að grófjafnað plan sem nú er þar sem stöðin stóð var skoðað og myndir teknar. Farið er fram á að rekstraraðili geri lokaskýrslu til stofnunarinnar, sem fjalli um árangur af aðgerðum og viðskilnað við svæðið.

Ábendingar

Farið er fram á að rekstraraðili geri lokaskýrslu til stofnunarinnar, sem fjalli um árangur af aðgerðum og viðskilnað við svæðið.

Reykjavík, 27.09.2018



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta

